Þroskaþjálfafélag Íslands

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 8.apríl 2026

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 913 – 536. mál. Stjórnarfrumvarp.

Þroskaþjálfafélag Íslands (ÞÍ) er eitt af aðildarfélögum BHM og þakkar tækifærið til þess að veita umsögn við ofangreint stjórnarfrumvarp.

ÞÍ lýsir yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum hvað varðar afnám áminningarskyldu. ÞÍ styður heilshugar þau sjónarmið sem fram koma í sameiginlegri umsögn BHM, BSRB, Fíh og KÍ og vísar til þeirrar röksemdafærslu í heild sinni.

Áminningarskyldan er ekki hindrun í starfi heldur mikilvægur öryggisventill sem tryggir vandaða málsmeðferð og andmælarétt starfsfólks. Fyrir þroskaþjálfa, sem starfa oft við krefjandi aðstæður með viðkvæmum hópum, er nauðsynlegt að leikreglur séu skýrar ef upp koma álitamál í starfi.

Í frumvarpinu er hvergi sýnt fram á með gögnum að afnám áminningarskyldu bæti mannauðsstjórnun. Þvert á móti sýnir reynslan að vandamálið liggur frekar í skorti á fræðslu og stuðningi við stjórnendur við beitingu núgildandi laga, en ekki lögunum sjálfum.

Þroskaþjálfar starfa í framlínu heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfisins þar sem álag er mikið og mönnun oft ábótavant. Að rýra réttindi þessara stétta við núverandi aðstæður eru kaldar kveðjur frá ríkinu og vandséð hvernig það eigi að sporna við atgervisflótta eða bæta starfsanda. Mikilvægt er að auka gæði þjónustunnar.

Hugmyndir um óformleg leiðbeiningarsamtöl í stað lögbundinnar áminningar skapa réttaróvissu. Slík samtöl eru ekki skilyrði fyrir uppsögn samkvæmt frumvarpinu og veita starfsmönnum enga raunverulega vörn gegn geðþóttaákvörðunum eða ómálefnalegum uppsögnum.

Þroskaþjálfafélag Íslands

Þroskaþjálfafélag Íslands leggst alfarið gegn því að áminningarskyldan verði afnumin. Þess í stað hvetur félagið stjórnvöld til að beina sjónum sínum að raunverulegum áskorunum ríkisstofnana sem eru m.a. mannekla, vinnuálag og nauðsynlegum stuðningi við stjórnendur til að nýta þau verkfæri sem þegar eru til staðar í lögum.

Virðingarfyllst
f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands
Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður

Borgartúni 27
105 Reykjavík
throska@throska.is
www.throska.is
Sími: 595 5160